

Svalbarðsströnd, 1. febrúar 2016

**Skipulagsstofnun**

Laugavegi 166

105 Reykjavík

**Breyting á aðalskipulagi Svalbarðsstrandarhrepps 2008-2020**

**Óverleg breyting á aðalskipulagi í landi Leifshúsa. Svæði fyrir verslun og þjónustu (V8)**

**verður skilgreint í Leifshúsum, á landbúnaðarsvæði L1**

Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps samþykkti á fundi sínum 27. janúar 2016 tillögu að óverulegri breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins sem felst í því að verslunar- og þjónustusvæði verður skilgreint með hringtákni (V8) í Leifshúsum vegna nýtingu bæjarhúsa undir ferðaþjónustu. Leifshús eru á landbúnaðarsvæði L1 og verður landbúnaður áfram meginlandnotkun á jörðinni.

Áform um breytta landnotkun felast eingöngu í nýtingu núverandi húsa sem verða endurbyggð og lagfærð sem ferðaþjónustubyggingar. Heildarstærð núverandi bygginga fer yfir viðmið aðalskipulagsins og því er þörf á sérmerkingu á aðalskipulagsuppdrætti.

Rökin fyrir því að um er að ræða óverulega breytingu á aðalskipulagi eru að á landbúnaðarsvæðum L1 er gert ráð fyrir þeim möguleika að nýta byggingar fyrir atvinnustarfsemi sem fellur vel að búrekstri, s.s. ferðaþjónustu. Markmiðið er að gefa kost á nýtingu þess húsakosts sem fyrir er á viðkomandi bæjum með minni háttar viðbótum og breytingum án þess að breyta þurfi aðalskipulagi, auðvelda bændum að skjóta stoðum undir búrekstur sinn og tryggja áframhaldandi nýtingu jarðanna.

Heimild er fyrir allt að 1.000 m<sup>2</sup> byggingarmagni í sérhæfðum byggingum (m.a. ferðaþjónustu) á landbúnaðarsvæðum L1 en þar sem áform í Leifshúsum eru umfram 1.000 m<sup>2</sup> er talin þörf breytingu á aðalskipulagi.

Meðfylgjandi er undirritaður uppdráttur aðalskipulagsbreytingar í fjórum eintökum.

Fyrir hönd Svalbarðsstrandarhrepps:



**Ómar Ívarsson**

**Skipulagsfulltrúi Svalbarðsstrandarhrepps**

Skipulagsfræðingur SFFÍ

**Landslag ehf**

Kaupangi v/Mýrarveg

600 Akureyri

460 4440

[omar@landslag.is](mailto:omar@landslag.is)